

Misheppnuð hola 8 í Eiðhúsum, Eyja- og
Miklaholtshreppi

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-2001-17



Misheppnuð hola 8 í Eiðhúsum, Eyja- og Miklaholtshreppi

Jarðhitaleit í fyrrum Miklaholtshreppi beindist fljótlega að svæði austan við Vegamót, beggja megin Grímsár. Í grunnum könnunarholum sem þar voru boraðar kom fram óvenjulega hár hitastigull. Hitafrávikkið var víðáttumikið og lá austur vestur. Hitastigull í könnunarholunum (50 m djúpar) fór hæst yfir 40°C/100m, en hitatoppurinn var ekki jafnskarpur og oft hefur fundist með þessari leitaraðferð.

Hola 8 var staðsett í hitahámarkið. Í fyrsta áfanga sumarið 1999 var borað í 800 m, en vatn kom ekki í holuna nema lítið á 200 m dýpi, en hiti þess var um 100°C. Frá 200 m óx hitinn hægt og var kominn í um 120°C við holubotn. Djúpt og mjög heitt vatnskerfi var í samræmi við stærð og lögun hitafráviksins. Af hitaferlinum mátti einnig ráða að hola 8 væri nærri uppstreymissprungu sem leiddi vatn út í æðina á 200 m.

Lagt var til að holan yrði dýpkuð um allt að 400 m í von um að fá vatn. Til þess þurfti stærri bor, en dýpkunin (í mars 2000) var vandkvæðum bundin því að holan var grönn, þ.e. 6 1/4" í þvermál. Það kom niður á borhraða og endingu á borkrónum. Engu að síður gekk borunin nokkuð vel. Þegar komið var að krónuskiptum í 1140 m dýpi var holan hitamæld. Engin merki sáust um æðar á þeim 340 m kafla sem bæst hafði við, en hitinn fór hægt vaxandi. Sýnt þótti að holan væri helst til langt frá uppstreyminu og var ákveðið að hætta boruninni við svo búið, en reyna heldur að finna uppstreymisrás heita vatnsins með skáholum.

Það var gert vorið 2000 og kom þá í ljós að hola 8 hafði lent á milli tveggja vatnsleiðandi sprungna. Önnur var um 20 m norðan við hana og hin 30-35 m sunnan við. Þess má geta að framhaldsboranir hafa fyrst og fremst beinst að nyrðri sprungunni og fást úr henni nú um 7 l/s af 100°C heitu vatni, sjálfrennandi úr tveim holum.

Hola 8 varð með öllu árangurslaus sem vinnsluhola og ólíklegt að nokkuð verði við hana átt frekar. Hins vegar fengust með henni verðmætar upplýsingar, einnig þess eðlis að hjálp er að við líkar aðstæður annars staðar. Þar er um að ræða tilfelli þar sem borholur hafa lent nærri uppstreymissprungum án þess að vatn fengist. Í slíkum tilfellum má greina samband á milli fjarlægðar frá uppstreyminu og halla hitaferilsins. Því brattari sem hann er, því nær er holan uppstreyminu. Eiðhúsholan er ein af fáum þar sem fjarlægðin er nokkurn veginn þekkt. Hún verður því gagnleg til samanburðar þegar svipuð tilfelli koma upp.

Kristján Sæmundsson



22-nóv-2001

ks s=30521

Eiðhús EH-08 Snæfellsnessýsla

